

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 115/98
frá 18. desember 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/98 frá 4. júlí 1998⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/520/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum vegna skilflatar endabúnaðar fyrir tengingu við 2048 kílóbita/s stafrænar óskipulegar leigulínur fyrir frjálsan aðgang að netum (ONP) (1. breyting)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/521/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum vegna skilflatar endabúnaðar fyrir tengingu við 2048 kílóbita/s stafrænar skipulegar leigulínur fyrir frjálsan aðgang að netum (ONP)⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/522/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum vegna skilflatar endabúnaðar fyrir tengingu við 64 kílóbita/s stafrænar ótakmarkaðar leigulínur fyrir frjálsan aðgang að netum (ONP) (1. breyting)⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 100, 15.4.1999, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 16, 15.4.1999, bls. 96.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 44.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 46.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/520/EB fellir úr gildi frá 10. júlí 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/470/EB um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata notendabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 2 048 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu) sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/522/EB fellir úr gildi frá 10. júlí 1998 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EB um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum sem eru gerðar til skilflata endabúnaðar fyrir stafrænar óskipulegar leigulínur með 64 kílóbita/s flutningsgetu í frjálsa netaðgangskerfinu (ONP-kerfinu) sem er hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4x (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/529/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „4y. **397 D 0520:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/520/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum vegna skilflatar endabúnaðar fyrir tengingu við 2048 kílóbita/s stafrænar óskipulegar leigulínur fyrir frjálsan aðgang að netum (ONP) (1. breyting) (Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 41).
- 4z. **397 D 0521:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/521/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum vegna skilflatar endabúnaðar fyrir tengingu við 2048 kílóbita/s stafrænar skipulegar leigulínur fyrir frjálsan aðgang að netum (ONP) (Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 44).
- 4za. **397 D 0522:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/522/EB frá 9. júlí 1997 um sameiginlega tækniforskrift að tengikröfum vegna skilflatar endabúnaðar fyrir tengingu við 64 kílóbita/s stafrænar ótakmarkaðar leigulínur fyrir frjálsan aðgang að netum (ONP) (1. breyting)(Stjtið. EB L 215, 7.8.1997, bls. 46).“

2. gr.

Texti liðar 4c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/470/EB) og liðar 4h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/821/EB) í XVIII. kafla í II. viðauka við samninginn falli niður.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 97/520/EB, 97/521/EB og 97/522/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner